

hverfar og einlægar uppstillingar, þar sem blíðleikinn rímar við harmoníska heild verksins. Í þessum verkum er það umfram allt snertingin, sem miðlar ástinni og tjáir hana, ellegar þá samruni viðkomandi einstaklinga líkt og þeir verði hluti hvor af öðrum í ástinni. Í nokkrum verkanna má sjá karl og konu í klæðum en oftast eru þau nakin og þá ávallt mótuð af siðfærnislegri varfærni. Þannig eru kynfæri karlmannsins ávallt falin og kynfæri konunnar sjaldan sýnileg. Andspænis þessum verkum stendur áhorfandinn utan við myndefnið. Honum er aldrei boðið — huglægt séð — að taka þátt í „ástaratlotunum“ og samsama sig þeim einstaklingum, sem gefur að líta í verkinu, líkt og algengt er í evrópskri myndlist, sem hefur konuna og nekt hennar að myndefni.



MADUR OG KONA 1943

brenndur leir, 27 sm



DÝRKUN 1940

brons, 38 sm

Í annan stað var myndefnið kona og barn — móðurast — einkar hugleikið listamanninum. En það myndefni verður að teljast ámóta upphaflegt og listin sjálf.

Þau verk, sem lýsa sambandi barns og móður, eru frá ólíkum tímum og því unnin með margvíslegri formskrift. Inntakið er þó ávallt sami grunntóninn: „frumeldi móðurástarinnar“, verndin og sá sannleikur að barnið vex af móðurinni. Í þessum verkum kemur fram óvenju djúpstæð og einlæg tjáning hjá Ásmundi. Ennfremur kemur greinilega fram í þessum verkum virðing listamannsins fyrir konunni og



VATNSBERINN 1937

steypa, 56,5 sm

eiginleikum hennar að ala barn. Þessi sérstaða konunnar — að tendra líf — gerir það að verkum að myndefnið tekur oft á sig næsta trúarlega mynd, líkt og í verkinu Dýrkun þar sem lögd er áhersla á tiginleik fyrirmyndarinnar. Í öðru verki minnir listamaðurinn á vald og ábyrgð móður, í túlkun sinni á þjóðsögunni Móðir mín í kví



ÞVOTTAKONUR 1937

brenndur leir, 37,5 sm

kví, en um þá mynd kemst Halldór Laxness svo að orði í bók sinni um Ásmund: „Ýmsir telja þessa mynd ekki aðeins eina snillilegasta smíð í þessari skemmu, en ég held hún sé líka sú af myndum meistarans sem fyrir dýpt og átakanleik yrkisefnisins er því næst að kalla í himininn.“

Á fjórða áratugnum skóp Ásmundur fjölda verka þar sem myndefnið er vinnandi fólk. Í flestum þessara verka er um að ræða konur við vinnu, digurvaxnar og sterklegar, afmáðar öllum „kvenlegum“ gildum og táknum og mótaðar af erfiði sínu og þjáningu.

Í þeirri formrænu einföldun, sem átti

sér stað í list Ásmundar á þessum árum, öðlaðist kvenimyndin nokkuð tvíþenta sýn. Konan er sýnd við vinnu, en jafnframt er hún einfölduð í frumdrætti sína, líkt og listamaðurinn hafi viljað draga fram hennar innra eðli. Ásmundur mótar ekki nákvæma raunsæislýsingu heldur yrkir hann í þriðju persónu og undirstrikar dygðir og hetjuskap þessara kvenna, sem Ásmundur segir að hafi „barist við tilveruna án nokkurrar tækni, verndað menningu okkar og sögu og fært okkur landið betra en þær tóku við því“.

Í þeim myndum þar sem myndefnið er kona við vinnu koma vel í ljós fagurfræðilegar hugleiðingar listamannsins, sem áleit að fegurð væri ekki aðeins að finna í konunni sjálfri heldur og í hreyfingum hennar og atferli. Þannig er vinnandi kona fallettri en sú aðgerðarlausa. Þetta tengist einnig þeirri lífsskoðun Ásmundar að vinnan væri frelsandi afl og að henni fylgdi hamingja, en iðjuleysi væri löstur.


Konan í list Ásmundar birtist einnig í óeiginlegri merkingu, sem allegoría, lýsing á yfirnáttúrulegum fyrirbærum eða bókmenntaleg vísun. Í þeim tilvikum greinum við hana hér á sýningunni sem tákni í viðtækri merkingu.

Þetta myndefni spannar nánast allan listferil Ásmundar og er því túlkað á fjölbreytilegan hátt. Það virðist sem þetta myndefni hafi oft orðið listamanninum örvun til formrænna umbreytinga og endurnýjunar. Það er líkt og hið táknræna eðli myndarinnar hafi orðið Ásmundi örvun og hvatning til nýsköpunar líkt og fram kemur í verkunum Vatnsaflíð, Stríð og flótti og Tröllkona.

Eitt af því athyglisverðasta í þessu myndefni er túlkun listamannsins á náttúrunni, en í list Ásmundar er hún í flestum tilfellum samsömuð konunni. Móðir jörð er sköpuð í líki konu og Gróður jarðar einnig. Er þetta í raun gömul og þekkt líking og virðist hún einfaldlega grundvallast á því að bæði konan og náttúran kveikja líf. Þá eru einnig önnur náttúru-fyrirbæri táknuð með mynd konu, þvó svo að heiti þeirra séu ekki kvenkyns í íslenskri tungu; t.d. Svört ský, Vetur og Tónar hafsins. Hér tekur Ásmundur sér skáldaleyfi og riftir hinum hefðbundnu tengslum milli heitanna og fyrirbæra sjálfra.

Þó svo að myndefninu konan í list Ásmundar Sveinssonar sé skipt í framan-greinda þætti þá er sú greining engan veginn endanleg og afgerandi. Ljóst er að þessir aðgreindu flokkar geta skarast heilmikið eftir því með hvaða hugarfari og út frá hvaða sjónarhorni áhorfandinn skoðar listaverkið. Þessi uppstilling er aðeins ein tillaga. Í list er enginn einn sannleikur.

Höfundurinn er listfræðingur og safnvörður Ásmundarsafns.



## Hvernig væri að velja réttu stöngina?

ABU



Veidimaðurinn  
45 ára  
1940-1985

Hafnarstræti 5, Reykjavík. Sími (91)-16760.

Komdu við í Hafnarstræti 5 og skoðuðu frábært úrval okkar af veiðistöngum.

Allar ABU-stangirnar eru með vönduðum lykkjum, þannig að línan rennur mjúklega í gegn.

Verð og gæði við allra hæfi.